

Sibgatullin gegn Rússlandi

Dómur frá 23. apríl 2009

Mál nr. 32165/02

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Réttlát málsmeðferð. Réttur til að vera viðstaddur málsmeðferð fyrir dómi í refsimáli.

1. Málsatvik

Kærandi, German Sibgatullin, er rússneskur ríkisborgari og er fæddur árið 1966. Hann afplánar nú refsingu í fangelsi í Nizhniy Tagil í Rússlandi. Í febrúar árið 2002 var hann sakfelldur fyrir þrjú morð og þjófnað og dæmdur til 20 ára fangelsisvistar. Hann áfrýjaði dóminum en óskaði ekki sérstaklega eftir því að vera viðstaddur þegar málið yrði tekið til meðferðar.

Í ágúst árið 2002 vísaði Hæstiréttur Rússlands máli kæranda frá. Hvorki kærandi né verjandi hans voru viðstaddir réttarhaldið. Niðurstaðan var ógilt í apríl árið 2006 og málinu vísað til nýrrar efnislegrar meðferðar. Það var gert á grundvelli beiðni ríkissaksóknara þar sem hvorki kærandi né verjandi hans hefðu verið upplýstir um hvenær taka ætti málið fyrir og því hefði það farið fram að þeim fjarstöddum.

Þann 23. maí árið 2006 var kæranda sent símbréf þar sem tilgreint var að málið yrði tekið fyrir að nýju af hæstarétti þann 29. júní sama ár. Málið var svo tekið fyrir þann dag án þess að kærandi eða verjandi væru viðstaddir. Saksóknari fór fram á að dómur um sekt kæranda vegna þriggja morða yrði staðfestur en að hann yrði sýknaður af sakargiftum um þjófnað. Hæstiréttur dæmdi kæranda til nítján ára og sex mánaða fangelsisvistar.

Þann 4. júlí árið 2006 hafði kæranda borist til eyrna að í apríl hefði niðurstaða dómstólsins frá árinu 2002 verið ógilt. Hann skilaði greinargerð með frekari röksemdum og fór auk þess fram á að honum yrði heimilað að vera viðstaddur þegar málið yrði tekið fyrir.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að málsmeðferðin hefði verið óréttlát vegna þess að hann var ekki viðstaddur réttarhöld í máli sínu og með því hefði verið brotið gegn réttindum hans samkvæmt 6. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn benti á að hæstarétti hefði verið falið að fara yfir mál kæranda í heild sinni og að meta sekt hans eða sakleysi í tengslum við fyrsta og þriðja morðið. Þetta varðaði afar brýna hagsmuni kæranda sem hefði verið dæmdur til 20 ára fangelsisvistar á fyrsta dómstigi og hefði ekki verið viðstaddur þegar málið var tekið fyrir að nýju í júní árið 2006.

Hæstiréttur hefði í raun ekki getað metið málið án beinnar aðildar kæranda þar sem taka hefði þurft skýrslu af honum. Að sama skapi var ekki hægt að tryggja jafnræði málsaðila þar sem kæranda var ekki gefinn kostur á að bregðast við málalíbúnaði saksóknara við réttarhaldið.

Dómstóllinn vísaði til þess að í fyrra réttarhaldinu hefði málsmeðferð ekki verið réttlát þar sem hvorki kærandi né verjandi hans hefðu verið upplýstir í tíma um tímasetningu þess. Að sama skapi var það mat dómstólsins að síðara réttarhaldið hefði ekki verið réttlátt þar sem kærandi hefði ekki verið upplýstur um tímasetningu þess. Hæstiréttur hefði ekki staðreynt hvort kærandi var upplýstur um tímasetningu þess né lá fyrir að kærandi hefði með sannanlegum hætti afsalað sér réttinum til að taka þátt í réttarhaldinu. Stjórnvöld hefðu því ekki tryggt kæranda rétt til að fá mál sitt endurupptekið þar sem honum var ekki gefinn kostur á þátttöku í réttarhaldinu. Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið í bága við 1. og 3. mgr. 6. gr. sáttmálans þar sem réttarhöldin fóru fram að kæranda fjarstöddum.